



BYGGÐARÁÐSTEFNAN
2018

Kallað er eftir erindum á Byggðaráðstefnuna sem haldin verður 16.-17. október 2018 í Stykkishólmi.

Umfjöllunarefni ráðstefnunnar er: Byggðaðpróun og umhverfismál, hvernig getur blómleg byggð og náttúrvernd farið saman?

Tilgangur ráðstefnunnar er að tengja saman fræðilega og hagnýta þekkingu á byggðaðpróun með það að markmiði að stuðla að sjálfbærri þróun byggðar um allt land. Ráðstefnan er vettvangur fólks úr háskólum, stjórnslu, sveitastjórnnum og annarra sem áhuga hafa á byggðaðpróun og umhverfismálum. Leitast verður við að ná fram ólíkum sjónarmiðum þeirra sem vinna að rannsóknum og stefnumótun á vettvangi byggðamála með áherslu á umhverfismál.

Kallað er eftir erindum frá fræða- og háskólasamfélaginu, stefnumótendum og þeim sem vinna á vettvangi þar sem fjallað er um stöðu og þróun byggðar. Erindin geta í víðum skilningi fjallað um sambúð manns og náttúru, m.a. í tengslum við það hvernig landi er ráðstafað til atvinnuuppbyggingar, samgangna og/eða búsetu og hver áhrif þeirrar ráðstöfunar eru á efnahagslega, félagslega og umhverfislega þætti.

Lögð er áhersla á að fyrirlesarar hafi rúman efnisramma og geti fjallað bæði um einstaka þætti eða fleiri eftir eðli máls. Ætlast er til að efnið tengist meginþæðinum þ.e. byggðaðpróun og umhverfismálum.

Tillaga að fyrirlestri með stuttri innihaldslýsingu, 200-300 orða útdrætti, sendist til Byggðastofnunar á netfangið sigrídur@byggðastofnun.is eigi síðar en 27. ágúst 2018.

Að ráðstefnunni standa Byggðastofnun, Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi, Samband íslenskra sveitarfélaga og Stykkishólmsbær.



BYGGÐASTOFNUN



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Samtök sveitarfélaga
á Vesturlandi



STYKKISHÓLMSBÆR